



Framkvæmda- fréttir 23. tbl. /03



Suðurland
framkvæmdir 2003
sjá kort bls. 4-7

Brúargerð yfir Þjórsá. Boga lokað 25. júní 2003. Mynd: Guðrún Þóra Garðarsdóttir.

Vísitölur fyrir rekstrarkostnað bíla, vörubíla og vinnuvéla Vegagerðarinnar

Hagdeild Vegagerðarinnar gefur og reiknar út vísitölur um rekstur bíla, vörubíla og vinnuvéla Vegagerðarinnar mánaðarlega, á tímabilinu 10.-15. hvers mánaðar. Grunnur vísitalnanna byggir á kostnaðarbókhalda Vegagerðarinnar, þ.e. vægi einstakra kostnaðarliða var ákveðið samkvæmt reynslutölum úr rekstri Vegagerðarinnar á bílum og vinnuvélum hennar. Vísitölunum er ætlað að gefa vísbendingu um þróun verðlags á rekstri bíla, vörubíla og tækja.

Taxti 6. launaflokks (106) í 6. þrepi úr samningi Starfsgreinasambands Íslands og fjármálaráðherra er birtur með vísitölunum. Breytingar á taxtanum eiga að sýna þróun launa bifreiða- og vélastjórnanda.

Vísitölurnar verða framvegis birtar á „vegagerdin.is“ undir „Útgefið efni“.

30. júlí 2003 Kristín H. Sigurbjörnsdóttir
framkvæmdastjóri stjórnslusviðs

Opnunardagar tilboða

Ákveðið hefur verið að verða við óskum frá Samtökum iðnaðarins um breytingu á opnunardegi tilboða. Breytingin felst í því að tilboð verði opnuð á þriðjudögum í stað mánudaga.

Miða skal við að breytingin taki gildi í september næstkomandi þannig að í útboðum sem auglýst verða með opnunardegi eftir 25. ágúst skal miða við opnun á þriðjudegi. Fyrsta þriðjudagsopnun verður þannig 2. september. Engin breyting verður á opnunartíma að deginum og áfram skal miða við að afhending gagna hefjist á mánudegi.

24.07.2003 Vegamálastjóri

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 23. tbl. 11. árg. nr. 345 11. ág. 2003

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Víktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Niðurstöður útboða

Hringvegur (1)

um Krossá í Fljótshverfi 03-083

Tilboð opnuð 21. júlí 2003. Suðurlandsumdæmi.
Ræsalögn í Krossá ásamt endurbyggingu Hringvegarins á 400 m kafla.

Helstu magntölur eru:

Fylling	7.450 m ³
Neðra burðarlag	1.995 m ³
Efra burðarlag	450 m ³
Stálplöturæsi	25 m
Tvöföld klæðing	2.520 m ²
Grjótvörn	750 m ³
Steypuvinna	25 m ³
Frágangur fláa	4.970 m ²

Verki skal að fullu lokið eigi síðar en 15. október 2003.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
3 Landherji ehf., Reykjavík	13.994.000	165,9	3.897
2 Ræktunarsamband Flóa og Skeiða	10.586.800	125,5	490
1 Framrás ehf., Vík í Mýrdal	10.097.080	119,7	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	8.435.850	100,0	-1.661

Jökulsá í Lóni,

göngubrú stálsmiði 03-020

Tilboð opnuð 21. júlí 2003. Austurlandsumdæmi.

Stálsmiði vegna göngubrúar á Jökulsá í Lóni.

Um er að ræða smíði, galvanhúðun og flutning á efni í 95 m langa göngubrú.

Helstu magntölur eru:

Stálvirki smíði	15,1 tonn
Stálvirki galvanhúðun	390 m ²
Flutningur efnis	15,1 tonn

Verki skal að fullu lokið eigi síðar en 15. september 2003.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
9 Skipalyftan ehf., Vestmannaeyjum	9.314.592	272,0	4.782
8 Vélsmiðjan Altak ehf., Reykjavík	8.123.080	237,2	3.591
7 Grímur ehf., Vélaverk- stæði Húsavíkur	7.595.000	221,7	3.063
6 Suðulist - Reisir ehf., Hafnarfirði	6.256.850	182,7	1.724
5 Sandblástur ehf., Seyðisfirði	5.567.468	162,6	1.035
4 Vélsmiðja Alla, Blönduósi	5.314.550	155,2	782
3 Stálbær ehf., Kópavogi	4.550.830	132,9	18
2 Ragnar Pétursson, Þorgeirsstöðum	4.537.425	132,5	5
1 Eldafl ehf., Reykjanesbæ	4.532.382	132,3	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	3.425.030	100,0	-1.107



Rögnvaldur Jónsson
framkvæmdastjóri tæknisviðs
Vegagerðarinnar skrifar

Sjálfvirkar

hraðamælingar

á þjóðvegum í Noregi

Árið 1988 byrjaði norska vegagerðin á hraðamælingum með myndavélum. Nú

hafa verið settir upp um 300 myndavélakassar og 75 myndavélar eru reknar. Að jafnaði eru því fjórir kassar fyrir hverja myndavél. Ákvörðun um þetta eftirlit var tekin af norska stórþinginu. Þar er einnig kveðið á um starfs- og ábyrgðarskiptingu á milli vegagerðarinnar og lögreglunnar. Skiptingin er þannig að vegagerðin sér um og kostar uppsetningu á myndavélakössum, kaup á myndavélum og rekstur. Hún sér einnig um að framkalla myndirnar, útbúa þær og finna öikumann en sendir síðan upplýsingarnar til lögreglunnar. Það er síðan lögreglan sem sendir

Uxahryggjavegur (52) um Sandklufarvatn 03-054

Tilboð opnuð 21. júlí 2003. Suðurlandsumdæmi.

Uxahryggjavegur (52) um Sandklufarvatn á um 4,5 km löngum kafla.

Helstu magntölur eru:

Fylling	58.100 m ³
Fláafleygar	11.235 m ³
Bergskering	3.000 m ³
Neðra burðarlag	19.795 m ³
Ræsi	186 m
Girðingar	2.500 m

Verki skal að fullu lokið eigi síðar en 1. júlí 2004.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
13 Verktakar Magni ehf., Kópavogi	51.600.000	118,1	20.578
12 Vörubílstjórafélagið Mjólnir, Selfossi	45.200.000	103,4	14.178
--- Áætlaður verktakakostnaður	43.706.460	100,0	12.684
11 Tönnin ehf., Reykjavík	40.098.265	91,7	9.076
10 Afrek ehf., E.T. ehf., Reykjavík	40.027.375	91,6	9.005
9 Kubbur ehf., Ísafirði	39.987.925	91,5	8.965
8 Próttur ehf., Skilmannahreppi	39.844.000	91,2	8.822
7 Borgarverk ehf., Borgarnesi	39.465.375	90,3	8.443
6 Ræktunarsamband Flóa og Skeiða	38.941.800	89,1	7.919
5 Vélgrafan ehf., Selfossi	37.006.150	84,7	5.984
4 Sigurjón Á. Hjartarson, Brjánsstöðum	35.926.525	82,2	4.904
3 Landherji ehf., Reykjavík	35.865.396	82,1	4.843
2 Jörfi hf., Hvanneyri	33.600.000	76,9	2.578
1 Þórarinn Kristinsson, Fellskoti	31.022.480	71,0	0



sektarboð til viðkomandi og innheimtir sekt. Um 60 mál koma fyrir dómstóla á ári hverju og hafa vegagerðin og lögreglan unnið þau öll.

Vegagerðin ákveður vegarkafla í samvinnu við viðkomandi lögreglu þar sem myndavélar eru notaðar en það er gert á grundvelli svokallaðs „skadegradstetthet“ eða slysaþéttleika. Einnig eru myndavélar settar upp þar sem ökuhraði er mikill og í jarðgöngum og á löngum brúm þar sem erfitt er um vik með eftirlit. Núna eru um 1.000 km af vegum með myndavélaeftirliti. Kostnaður við að setja upp einn kassa fyrir myndavél er um 1 m.kr. Stafræn myndavél með útbúnaði kostar um 3,5 m.kr. en venjuleg eftirlitsmyndavél er aðeins dýrari. Vegagerðin gerir nú tilraunir með 6 stafrænar myndavélar. Þær eru tengdar við farsíma og senda myndir í miðstöð sem skeyti. Myndirnar eru síðan unnar af vegagerðinni í forriti sem hún hefur gert sjálf. Skuggi er settur yfir myndir af farþegum og ekki er leyfilegt að afmá þessa skugga nema að komi til dómsúrskurðar. Lögreglan hefur ekki verið ánægð með þessa tilhögun því hún getur ekki notað þann hluta myndanna sem sönnunargögn í öðrum málum. Stafrænu myndirnar eru einungis skoðaðar ef ökumaður hefur brotið af sér, öðrum myndum er sjálfkrafa eytt. Vegagerðin ætlar smátt og smátt að skipta út votfilmuvélum fyrir stafrænar vélar.

Vegagerðin hefur nú óskað eftir því að fá leyfi til að afgreiða beint öll minniháttar hraðabrot. Lögreglan myndi þá eingöngu fá til úrvinnslu þau mál sem hafa í för með sér refsipunkta, varða fangelsisvist eða ef sektir eru ekki greiddar. Vegagerðin telur að þetta muni spara mikla vinnu og gera alla innheimtu markvissari. Rætt hefur verið um að borgi menn ekki sektir verði þær innheimtar um leið og bifreiðaskattur er greiddur. Vegagerðin hefur einnig óskað eftir því að fá leyfi til að tengja myndavélarnar saman og mæla meðalhraða bifreiða. Þannig myndi akstur sem

þeir nefna „kengúruakstur“ hverfa en það er sá akstur þegar ökumenn auka hraða á vegaköflum á milli myndavélaakassa. Vegagerðin vill gera tilraun með þessa aðferð en þarf fyrst að fá leyfi frá persónuvernd. Þá liggur fyrir beiðni frá vegagerðinni um að eigandi bifreiðar verði gerður ábyrgur fyrir að upplýsa hver ók bifreiðinni eða greiði sekt ella. Mörg lönd hafa þennan háttinn á en bæði Svíþjóð og Noregur leyfa það ekki ennþá. Slíkt mundi spara vinnu því þá er nægilegt að sjá númer bíls en það gerir vegagerðinni kleift að taka myndir af bílum aftan frá.

Strangar kröfur eru gerðar frá persónuvernd og hefur hver stafræn myndavél aðgangsorð. Með stafrænum myndavélum gengur verkið miklu hraðar heldur en ef notaðar eru venjulegar myndavélar. Myndirnar eru sendar beint inn í tölvu í miðstöð þar sem vegagerðin gengur þar frá þeim og sendir síðan í tölvupósti til viðkomandi lögregluumdæmis.

Árið 2002 voru teknar um 70.000 myndir af ökumönnum sem öku of hratt á þessum 1.000 km af vegarköflum sem eru með myndavélaakassa. Einungis var hent rúmlega 2% myndanna vegna ónógra gæða. Um 33% af þeim sem eru teknir fyrir of hraðan akstur eru myndaðir og sýnir það glögglega þýðingu löggæslumyndavéla.

Árangur með notkun myndavéla hefur verið góður. Um 75% aðspurðra í viðhorfskönnun eru jákvæðir gagnvart því að myndavélar verði notaðar við umferðareftirlit. Um 44% ökumanna lækka hraðann er þeir sjá myndavélaakassa og þróunin er sú að hraðinn er ekki aukinn að neinu ráði þegar ekið er framhjá kassa. Mælingar hafa sýnt að meðalhraðinn hefur lækkað um 4–6 km á klst. á þeim vegarköflum þar sem myndavélaakassar hafa verið settir upp og slysum með meiðslum hefur fækkað um 26%. Á grundvelli þessa árangurs hefur norska vegagerðin óskað eftir fjárveitingu til að tvöfalda fjölda myndavélaakassa og myndavéla á næstu árum.



Áningarstaður Vegagerðarinnar í Höfðahólum við Siglufjarðarveg á miðnætti 8. júlí 2003. Mynd: Einar Gíslason.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. Þá er skammstöfun fyrir umdæmi Vegagerðarinnar: Sl:Suðurland, Rn:Reykjanes, V:Vesturland, Vf: Vestfirðir, N.v: Norðurland vestra, N.ey: Norðurland eystra, Au:Austurland. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
03-090 Sl. Hringvegur (1), gatnamót við Skeiðaveg	03
03-091 Sl. Laugarvatnsvegur (37) um Brúará	03
03-056 Sl. Árbæjarvegur (271), Hringvegur - Heiðarbrún	03
03-017 Au. Norðfjarðarvegur (92), um Hólmaháls	03
03-074 Au. Hringvegur (1), Vegaskarð - Langidalur	03
03-064 Au. Hringvegur (1), veggöng undir Almannaskarð	03
03-075 Au. Norðausturvegur (85), Breknaheiði - Geysirófa	08.03
03-031 N.ey. Möðruvallavegur (813)	08.03
02-015 Sl. Hringvegur (1), við Hellu	08.03
03-014 Rn. Hringvegur (1), vegamót við Nesbraut, hönnun	08.03
03-084 Rn. Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	08.03
03-052 Sl. Reynishverfisvegur (215), Hringvegur - Prestshús	08.03
03-049 Vf. Djúpvvegur (61), Forvaði - Þorpar	08.03
03-048 Vf. Djúpvvegur (61), Kamsnes - Hattardalur	08.03
03-081 Au. Hringvegur (1), ræsi í Össurá og Hlíðará í Lóni	08.03
03-080 Au. Norðfjarðarvegur (92), hjáleið í Reyðarfirði, 1. áfangi	08.03
00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	08.03
03-089 N.ey. Vetrarþjónusta á Hringvegi (1) um Víkurskarð	08.03
03-088 N.ey. Vetrarþjónusta í Eyjafirði	08.03
03-009 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki	08.03
03-010 Rn. Kjósarskarðsvegur (48), endurbygging II. áfangi	08.03
Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst: Opnað:
03-087 VI. Vetrarþjónusta í Hvalfirði 2003 - 2008	21.07.03 11.08.03
03-087 VI. Vetrarþjónusta á Holtavörðuhéiði 2003 - 2008	21.07.03 11.08.03
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
03-083 Sl. Hringvegur (1) um Krossá í Fljótshverfi	07.07.03 21.07.03
03-054 Sl. Uxahryggjavegur (52), um Sandkluftarvatn	07.07.03 21.07.03
03-020 Au. Jökulsá í Lóni, göngubrú stálsmíði	07.07.03 21.07.03
03-046 Vf. Vestfjarðavegur (60), brú á Múlaá í Kollafirði	10.06.03 30.06.03
03-071 VI. Snæfellsnesvegur (54), um Fróðarheiði	10.06.03 30.06.03
03-045 Vf. Vestfjarðavegur (60), Eyrará - Múli	10.06.03 23.06.03

Útboð á samningaborði, framhald	Auglýst:	Opnað:
03-079 N.ey. Hringvegur (1), Glerá, viðgerð handriðs	02.06.03	16.06.03
03-073 Rn. Þingvallavegur (36), veglýsing um Helgafellsmela	19.05.03	02.06.03
03-070 Rn. Snjómokstur og hálkuvörn í Reykjanesumdæmi 2003-2008	12.05.03	02.06.03
03-047 Vf. Tálknafjarðarvegur (617), um Sveinseyri	28.04.03	12.05.03
03-069 Au. Kollumúlavegur (F980), vegur og varnargarðar	28.04.03	12.05.03
03-066 Au. Efnisvinnsla á Austurlandi 2003 - 2004	14.04.03	05.05.03
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
03-082 Sl. Kjalvegur (35), Háalda - Sandá Nesey ehf.	14.07.03	31.07.03
03-055 Sl. Villingaholtsvegur (305), Vatnsendi - félagsheimili Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf.	14.07.03	28.07.03
03-042 N.ey. Eyjafjarðarbraut eystri (829), Litli Hamar - Rútsstaðir G. Hjálmarsson hf.	16.06.03	18.07.03
02-102 N.v. Siglufjarðarvegur (76), um Hofsá 2003 Norðurtak ehf.	14.07.03	01.08.03
Fellt af lista		
03-022 Au. Styrkingar og mölburður á Austurlandi 2003		03



Upphéraðsvegur (931). Myndin er tekin 20. júní 2003.